

## Spurning nr. 3 – Svör allra framboða og samantekt

---

Í ljósi þess að öll þjónusta á að vera til staðar í skóla án aðgreiningar, er mikilvægt að þar sé nóg af vel menntuðu starfsfólki til að mæta margbreytilegum þörfum allra nemenda (t.d. grunnskólakennarar, sérkennarar, talmeinafræðingar, náms- og starfsráðgjafar, þroskaþjálfar). Hvaða leiðir sér þinn flokkur í að fjölga fagmenntuðum innan hvers skóla?

---

### Punktur úr svörum framboðanna:

- A – Björt framtíð vill ná þjóðarsátt um laun kennara og starfsfólk í skólum og framtíðarsýn í menntamálum þjóðarinnar. Þau vilja styrkja rekstur HÍ og kennaranámið og þau vilja að kennaranemar fái kennslu um sérþarfir nemenda. Þau vilja líka víðtækt samráð milli heilbrigðiskerfis, félagsþjónustu og skólanna og tryggja þannig aðgang að fagmenntuðu fólki.
  - B – Framsókn vill skoða vel inntak kennaranámsins, starfsvettvang og kjör vegna þess hve mikið hefur dregið úr nemendafjölda í náminu. Þau vilja bjóða upp á fjölbreyttar leiðir í kennaramenntun. Með hreyfanlegu og margbreytilegu skólaumhverfi vilja þau laða að hæfa og áhugasama kennara sem hafa kost á öflugri sí- og endurmenntun sem tekur mið af skóla án aðgreiningar.
  - C – Viðreisn vill leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna sem bitnar á getu þeirra til að mæta þörfum skólanna. Þau vilja m.a. auka tekjur hins opinbera af náttúruauðlindum og byggja upp kjarnastarfsemi.
  - D – Sjálfstæðisflokkurinn leggur megin áherslur á að laun kennara og annarra fagstétta eigi að endurspeglar mikilvægi þeirra og laða að hæfileikaríkt fólk til starfa.
  - P – Píratar vilja fjárhagslega sjálfstæð sveitarfélög svo þau geti staðið undir grunnþjónustu sem þeim ber skylda til.
  - R – Alþýðufylkingin vill hækka laun þessara stétta.
  - S – Samfylkingin vill auka virðingu fyrir kennurum og starfsfólki skólanna og bæta starfsumhverfi þeirra. Þau vilja einnig auka nýliðun í kennarastéttinni og efla kennaramenntun. Þau vilja að kjör starfsfólks séu samkeppnishæf við laun háskólamenntaðra stétta með sambærilegar menntun. Skoða á hvata eins og ívilnun í gegnum námslána- eða skattkerfið.
  - T – Dögun vill gera menntunina aðlaðandi og eftirsóttá með launum og möguleikum til endurmenntunar. Þau vilja skoða t.d. að fella niður hluta námslána eftir x tíma starf í greininni.
  - V – Vinstri græn segja að sveitarfélögin verði að fá aukið fjármagn til reksturs grunnskólanna.
-

# Spurning nr. 3 – Svör allra framboða og samantekt

---

## **A – Svar frá Bjartri Framtíð:**

Björt framtíð telur bráðnauðsynlegt að starfsfólk með alls kyns menntun, hæfni og reynslu verði að starfa í skólunum til að stefna um skóla án aðgreiningar geti haft innihald í verki og náð þeim ávinningi sem að er stefnt fyrir alla og samfélagið í heild. Í því samhengi er nauðsynlegt að þjóðarsátt náist um laun kennara og starfsfólks í skólum og framtíðarsýn í menntamálum þjóðarinnar. Ef ekki verður gripið strax til róttækra aðgerða í þessum málaflokki er ljóst að Ísland gæti innan ekki svo langs tíma staðið frammi fyrir verulegum skorti á faglærðum kennurum. Það er alveg ljóst og liggur fyrir að styrkja verður rekstur Háskóla Íslands svo að honum sé gert kleift að mennta kennara með gæði og fagmennsku að leiðarljósi. Það er mjög mikilvægt að kennarar í skólakerfinu hafi víðtæka þekkingu á sérþörfum nemenda sinna og fái kennslu þar að lútandi. Við teljum það lykilatriði að hver einasti skóli hafi aðgang að fagmenntuðu fólki sem sinnir þeim störfum sem að ofan eru talin. Við sjáum það gerast með víðtæku samstarfi milli heilbrigðiskerfisins, félagsþjónustu hvers sveitarfélags og skólanna. Það væri að sjálfsgöðu æskilegast að innan hvers skóla væru starfandi allir þeir sem nefndir eru en það er því miður ekki raunhæft ekki síst í minni bæjarfélögum. Að lokum viljum við segja að það er mikilvægt að styrkja alla innviði og starfsumhverfi innan skólanna svo það sé aðlaðandi að starfa við kennslu í víðtækustu merkingu þess orðs.

---

## **B – Svar frá Framsóknarflokknum:**

(Svara sp. 2, 3 og 4 saman.) Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að öllum skólastigum sé tryggt fjármagn til reksturs. Ólíðandi er að skólar búi við rekstrarumhverfi þar sem t.d. ekki er hægt að kaupa aðföng vegna ónógra framlaga ríkis og sveitarfélaga.

Í ljósi þess hve dregið hefur úr nemendafjölda í kennaranámi er mjög brýnt að bregðast við, skoða vel inntak námsins, starfsvettvang og kjör.

Bjóða þarf upp á fjölbreyttar leiðir í kennaramenntun og laða að skólum hæfa og áhugasama kennara sem vilja starfa í hreyfanlegu og margbreytilegu skólaumhverfi, ekki síst á sviði iðn- og raungreina. Kennarar á öllum skólastigum þurfa að eiga kost á öflugri sí- og endurmenntunarnámi. Stjórnvöld verða að tryggja með fjármagni að kennurum og öðru starfsfólki skóla standi jafnan til boða símenntun og fræðsla sem tekur mið að af fjölbreyttum hópi nemenda í skóla án aðgreiningar. Allt skólaumhverfið verður að vera í stakk búið til að sinna þeirri skyldu sinni að mæta ólíkum þörfum nemenda. Kjör og starfsumhverfi endurspegl

# Spurning nr. 3 – Svör allra framboða og samantekt

---

mikilvægt samfélagshlutverk kennara.

---

## **C – Svar frá Viðreisn:**

(Svara sp. 2, 3 og 4 saman.) Viðreisn er meðvituð um að fjárhagsvandi sveitarfélaga bitnar á getu þeirra til þess að mæta þörfum skólakerfisins og vill leitast við að leysa þann vanda. Flokkurinn hefur m.a. á stefnuskrá sinni að auka tekjur hins opinbera af náttúruauðlindum (t.d. í sjávarútvegi og af ferðaþjónustu) og vill koma á fót sérstökum innviðasjóði sem fari til uppbyggingar á kjarnastarfsemi um landið allt.

---

## **D – Svar frá Sjálfstæðisflokknum:**

Það liggur í augum uppi að laun kennara og annarra fagstétta innan skólakerfisins þurfa að vera með þeim hætti að þau endurspegli bæði mikilvægi þeirra og laði hæfileikaríkt og fjölbreytt fólk til starfa.

Undir forystu Sjálfstæðisflokksins á þessu kjörtímabili hafa kennarar, sem dæmi, fengið verulegar kjarabætur. Í tilfalli framhaldsskólakennara hafa laun hækkað um 43% þegar fyrri hluti árs 2016 er borinn saman við fyrri hluta árs 2013. Hvað varðar starfsfólk grunnskóla þá eru málefni þeirra og kjarasamningar á borði sveitarfélaga.

---

## **E - Svör frá Íslensku Þjóðfylgkingunni:**

Engin svör bárust.

---

## **F - Svör frá Flokki fólksins:**

Engin svör bárust.

---

## **H - Svör frá Húmanistaflokknum:**

Engin svör bárust.

---

# Spurning nr. 3 – Svör allra framboða og samantekt

---

## **P – Svar frá Pírötum:**

Sveitarfélögin eru einungis fjárhagslega sjálfstæð þegar þau geta staðið undir því að veita þá grunnþjónustu sem þeim ber skylda til þess að veita á grundvelli nálægðarreglunnar og samkvæmt nýju stjórnarskránni.

---

## **R – Svar frá Alþýðufylkingunni:**

Það þarf aðallega að hækka launin þeirra, eins og annarra umönnunar- og uppeldisstétta. Allt það góða fólk sem vinnur þessi störf verður að hafa efni á að vinna þau.

---

## **S – Svar frá Samfylkingunni:**

Samfylkingin vill auka virðingu fyrir kennurum og öðru starfsfólki í skólum landsins og bæta starfsumhverfi þeirra til að störf í þessum mikilvægu menntastofnunum verði eftirsóttari. Það verður að vera sameiginlegt verkefni ríkis, sveitarfélaga, fagfélaga, háskóla, foreldra og nemenda.

Samfylkingin í borgarstjórn Reykjavíkur hefur nýlega haft forgöngu um að efna til víðtæks samstarfs við félög kennara, háskóla og ríkisvaldið um leiðir til að auka nýliðun í kennarastétt, jafnt leikskólakennara sem grunnskólakennara og bæta starfsumhverfi kennara. Þar verður sérstaklega skoðað hvernig megi laða til kennslustarfa þær þúsundir Íslendinga sem hafa aflað sér kennsluréttinda en hafa valið sér annan starfsvettvang en kennslu. Eitt mikilvægasta verkefni sem Íslendingar standa frammi fyrir er að auka nýliðun í kennarastétt. Fjölga þarf verulega þeim sem leggja stund á kennaranám og í því sambandi þarf að efla kennaramenntun og tryggja að sú menntun sem kennaranemar fá í háskólum nýtist þeim sem skyldi á vettvangi, m.a með því að efla vettvangsnám sem hluta af einingabæru námi.

Mikið vantar upp á til að við stöndumst samjöfnuð við þær þjóðir sem fremst standa varðandi stöðu og virðingu fyrir kennurum og öðru starfsfólki í skólum landsins, þar má t.d. nefna Finnland þar sem kennarastarfið er eitt það best metna og vinsælasta meðal ungs fólks og Kanada sem hefur lagt mikla vinnu í að efla og bæta stöðu kennara. Kjör starfsfólks í skólum verða að vera samkeppnishæf við laun

# Spurning nr. 3 – Svör allra framboða og samantekt

---

háskólamenntaðra stétta með sambærilega menntun. Mikilvægt er að skoða alla hvata sem geta laðað ungt fólk að kennslu þar með talið ívilnunum í gegnum námslána- og/eða skattkerfi.

Við getum náð árangri. Sem dæmi þá jókst áhuga á leikskólakennaranámi í kjölfar vitundarvakningar sem Félag leikskólakennara átti frumkvæði að og viðleitni sveitarfélaga, þ.á.m. Reykjavíkur, til að bjóða starfsfólki leikskóla námsstyrki til að geta sótt sér leikskólakennararéttindi meðfram starfi.

---

## **T – Svar frá Dögun:**

Með því að gera þessa menntun aðlaðandi og eftirsóttá með góðum og eftirsóknarverðum launum auk góðra möguleika til endurmenntunar. Hægt er að gera þessa starfsmöguleika eftirsóttá t.d. með því að fella niður hluta námslána eftir einhvern x tíma í greininni t.d. eftir 10 ára starf.

---

## **V – Svar frá Vinstri hreyfingunni grænu framboði:**

Til að hægt sé að útvega það fagfólk sem þarf í grunnskólum til að mæta megi þörfum allra nemenda og ólíkum þörfum verða sveitarfélögin að fá aukið fjármagn til reksturs grunnskólanna. VG er eina stjórnálahreyfingin sem er með skýrar hugmyndir um fjármögnun nýrrar sóknar í mennta- og velferðarmálum.

---